



## Byggðakvóti

þróstur Friðfinnsson til: Hinrik Greipsson

22.11.2016 15:58

Frá: þróstur Friðfinnsson <throstur@grenivik.is>  
Til: Hinrik Greipsson <hinrik.greipsson@anr.is>

---

1 attachment



image001.jpg

---

Heill og sæll Hinrik

Vonandi kominn botn í málið núna!

Rökstuðningur sveitarstjórnar:

Þar sem nánast engum afla er landað í byggðarlaginu eins og úthlutunarreglur gera ráð fyrir, verður að miða úthlutun við skip með heimahöfn í sveitarféluginu. Enda byggir fiskvinnsla á Grenivík á afla af skipum með heimahöfn á Grenivík, en honum er öllum ekið á staðinn.

Sveitarstjórn ákvað að miða við svipaða skiptireglu og áður var gert við úthlutun byggðakvóta í hreppnum. Ekki er þörf á að undanskilja kröfu um heimilisfesti útgerða, þær sem til greina koma eru allar með lögheimili á Grenivík skv. fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra.

Sveitarstjórn bókaði eftirfarandi á fundi sínum í gær, undir dagskrárlið nr. 1:

### „1. Byggðakvóti 2016/2017, nánari útfærsla.

Þar sem fyrri afgreiðsla sveitarstjórnar var ófullnægjandi, samþykkir sveitarstjórn eftirfarandi útfærslu á úthlutun byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2016/2017:

5 tonnum, 1/3 byggðakvótans skal deila jafnt milli þeirra skipa sem sækja um byggðakvóta og eiga heimahöfn í Grýtubakkahreppi.

10 tonnum, 2/3 byggðakvótans skal skipta eftir aflamarki sömu skipa.

Að öðru leyti fer eftir reglugerð um úthlutun byggðakvóta nr. 641/2016.“

Til frekari skýringa er hér átt við í hlutfalli við aflamark yfirstandandi fiskveiðiárs ef vafi leikur þar á.

Þetta upplýsist hér með.

Vinsamlegast látið vita ef eitthvað er óljóst eða ef þetta er ekki fullnægjandi afgreiðsla.

Besta kveðja,

**þróstur Friðfinnsson**